Nýfundin heimild um Lagarfljótsorminn

Á kyrrum haustdegi er óvíða fegurra en á Hreiðarsstöðum. Lognrákin frammi á Fljótinu gæti verið á sömu slóðum og Pétur sá fyrirbærið, sem hann lýsir í greininni, og ljárinn bendir í hreyfistefnuna. Ljósm. höf. (1986).

Lagarfljótsormurinn er frægastur allra vatnaskrímsla á Íslandi. Um hann hefur margt verið rætt og ritað, einna ýtarlegast í Þjóðsögum Sigfúsar Sigfússonar og í tímaritinu Týli 1982. Fyrir Upphéraðsbúa var Ormurinn næstum eins raunverulegur og Fljótið sjálft (sem fáfróðir menn kalla Löginn), og enn trúa margir á tilveru hans, þótt efaraddir heyrist. Lýsing sjónarvotts á atburði, sem gerðist vorið 1875, ætti að styrkja menn í trúnni.

Að morgni páskadags, 29. mars 1875, gekk gríðarlegt ösku- og vikurfall frá Dyngjufjöllum yfir miðhluta Austurlands. Á Fljótsdalshéraði varð aldimmt í nokkrar klukkustundir, en þegar upp birti var Héraðið alþakið af þykku gráhvítu vikurlagi. Þegar hlánaði um vorið bárust firnin öll af ösku og vikri í Lagarfljót. Urðu menn þá varir við ýmis undarleg fyrirbæri í Fljótinu. Um það fer Sigfús svofelldum orðum í frásögn sinni af Orminum:

"Dyngjufjallagosið 1875 bindur að heita má enda á uppivöðslu þessara skrímsla í Lagarfljóti, því þá bárust forógnin öll með vötnum, fyrir utan það sem féll og fauk í fljótið, af ösku. Halda menn að það hafi fælt burtu ókindur þessar, allténd sumt af þeim, enda þóttust margir, og það vel skynbærir menn, sjá mörgu kynlegu bregða fyrir, þegar fljótið losnaði um vorið. Sýndist sumum, t.d. frá Hreiðarsstöðum, dýr sem bátar á hvolfi og svo í öðrum margslags myndum, synda hart á móti vindi og bylta sér á allar hliðar. Þeir sem vantrúaðir voru sögðu þetta hefðu aðeins verið jakar með ösku á, er reistust á rönd og féllu svo niður. Oddur bóndi, sonur Jóns, sonar Odds á Skeggjastöðum, lýsti því einna greinilegast, og var hann eigi þekktur að skröksemi eða heimskulegum misskilningi."(4. bindi, 2. útg. 1982, bls.159).

Nú vill svo skemmtilega til, að nýlega kom í leitirnar frásögn samtímamanns og sjónarvotts að þessum undrum, er Oddur á Hreiðarsstöðum og heimafólk hans varð vitni að. Hana er að finna í handritinu nr. 1721,8vo, í Landsbókasafni Íslands (handritadeild), sem er ævisöguágrip *Péturs Sveinssonar* smiðs frá Bessastöðum í Fljótsdal, ritað af honum sjálfum árið 1887.



Kort af Lagarfljóti, er sýnir helstu staðina þar sem Ormurinn hefur birst, blástrar hafa sést og gas-uppstreymi fundist. (Úr Týli 1982).

Pétur var fæddur á Bessastöðum 6. sept. 1823, sonur Sveins bónda þar Pálssonar, Þorsteinssonar á Melum, sem Melaættin er talin frá, en móðir Péturs var Kristín Torfadóttir, frá Skuggahlíð í Norðfirði. Pétur var tekinn í fóstur af föðurbróður sínum og nafna, Pétri Pálssyni bónda á Þorgerðarstöðum, og alinn þar upp. Hann fór snemma að fást við smíðar og húsabyggingar, en stundaði þó jafnframt búskap á Bessastöðum framan af ævinni. Kona hans var Ragnhildur Sigurðardóttir frá Arnaldsstöðum í sömu sveit og lést hún eftir um aldarfjórðungs sambúð þeirra hjóna.

Eftir að Pétur hætti búskap á Bessastöðum, var hann við smíðar á ýmsum bæjum í Fljótsdal, Fellum og víðar. Segir hann í ævisögunni, að ekki hafi verið nema þrjár baðstofur í Fljótsdal, sem hann hafði ekki byggt upp eða lagfært. Árið 1887 flutti Pétur suður í Álftafjörð, til dóttur sinnar, sem gift var og búsett á Geithellum. Síðan var hann í Hamarsseli í Hamarsdal, og mun hafa látist þar.

Ævisaga Péturs er hið merkasta plagg, sem vonandi kemst öll á prent innan tíðar. Þar eru ýmsar upplýsingar um mannlíf og atburði á Upphéraði á seinni hluta 19. aldar. Auk þess hefur Pétur ritað nokkra þætti af merkum bændum og prestum hér austanlands, og hafa sumir þeirra birst í blöðum eða tímaritum.

"Skatan" í Lagarfljóti er ekki eins vel þekkt og Ormurinn, enda er þessum skrímslum oft ruglað saman. Sigfús hefur m.a. þetta að segja um skötuna:

"...sumir segja, að enn eitt skrímslið í skötumynd liggi á ská yfir Lagarfljót, milli Ormarsstaðaáróss og Höfðaáróss, og yfir hala ormsins. Er mælt að ákvæðaskáld hafi bundið hana þar með ákvæðum, á sama hátt og hin önnur skrímslin...

Fyrir hér um bil 40 árum sást undarlegt skrímsli á þessari línu, af mörgu engjafólki, er var að heyja í svonefndum Vallanesvíðum, og vildu sumir halda að ormurinn og skatan hefðu óróast af einhverjum orsökum. Þetta skrípi sýndist fyrst í tvennu lagi, en dróst svo saman og buldi þá í því, líkast hljóði í lúðurþyt."

Það er athyglisvert, að þetta "skötu"-fyrirbæri, sem Sigfús lýsir hér, hefur sést nokkurn veginn á sömu línu yfir Fljótið og undrin sem Pétur lýsir hér á eftir.

Þá er þess að geta, að framanvert við Hreiðarsstaðatangann eru jafnan margar smávakir þegar Fljótið er ísi lagt, og getur þeirra í fornritinu Fljótsdælu, sem ritað er á 15.-16.öld. Árið 1963 fannst töluvert uppstreymi af brennanlegu gasi í vökum þessum, og því hafa ýmsir viljað tengja Orms-fyrirbærin í Lagarfljóti við gasmyndun í botni Fljótsins.

Á dýptarkortinu sést, að fram af Rauðalæk eru grynningar og þrengsli í farvegi Fljótsins, svo að ekki er ólíklegt að þar geti myndast straumrastir af þeim sökum, sem fylgt gætu umræddri skálínu. Páll Sigfússon, núverandi bóndi á Hreiðarsstöðum, segist hafa tekið eftir einkennilegri lognrák, sem stundum má sjá þar frammi á vatninu, þegar yfirborð þess er í þann veginn að ýfast af vindi.

Frásögn Péturs af Orminum fer hér á eftir. Hún er tekin orðrétt úr handriti hans, og með rithætti þess tíma, en augljósar stafavillur eru leiðréttar.

Frásögn Péturs Sveinssonar

Eptir það tók jeg að smíða baðstofuna, og á Ekkjufelli var jeg þegar öskufallið og ósköpin dundu yfir Austurland annan dag páska, og man þann dag til dauða, því hann var óskjemtilegur.

Milli Kóngbænadags og Uppstigningardags gekk jeg upp í Fljótsdal, að finna suma menn, sem vóru búnir að fala mig til smíða, sem þó afslóst alt vegna öskufallsins, sem margir mistu of mikinn hug við.

Þegar jeg var á uppleið kom jeg við á Hreiðarsstöðum, og var fleira af fólkinu úti á hlaði og sýndist mjer einhvörn veginn flóttalegt, og horfði stöðugt austur á Fljót, svo jeg fer að spyrja hvað því valdi.

Oddur bóndi seigir mjer þá, að það hafi geingið mikið á í morgun í Fljótinu. Það hafi einhvör óskapa skjepna verið að brjótast um í Þolleifarárvíkinni í morgun, sem það viti ekki hvað sje. Svo hafi það tekið rás út og austur Fljót, að Grímsárósum, og komið hingað og þángað upp um ísinn á leiðinni, enn sje nú horfið nýlega.

Það var súðahláka og Fljótið orðið autt út á milli Staða, enn samanhángandi þar fyrir utann, þó smágluggótt og nokkur spilda auð við alt suðurlandið út að Grímsárós. Jeg var stöðugt að horfa austur á Fljótið eins og aðrir. Þá gætti jeg að hvar það kom upp austur af bænum og sýnd(ist) mér líkt stórum ferahring [feræring?] á hvolfi, og hjelt inn með suðurlandi á móti vindi og straumi, þángað til það stakk sjer, og þá sýndust mjer á því þrír hnúskar, einn að framan, einn um miðjuna, og einn aptast, og kom mjer



Dýptarkort af Lagarfljóti fyrir framan Hreiðarsstaði. Þrengslin eða "haftið" framan við Rauðalæk sjást greinilega. Vakasvæðið með gasuppstreyminu er sýnt með lóðréttum strikum, og beina línan vísar á slóð fyrirbæranna í grein Péturs eða "skötuna". (Eftir dýptarkorti Sigurjóns Rist, útgefnu af Orkustofnun).

Þessi mynd af "Orminum" var tekin 14. júní 1989, fyrir neðan Hafursá í Skógum. Ef hún prentast vel má greina allt að 7 "kryppur" í beinni röð, en til vinstri nær landi eru 2-3 í annari röð. Ljósm. Höfundur.

það líkast í sjón að sjá því sem jeg hefi sjeð krókodíl dreginn upp. Enn viðbragðið var ógna snökt, þegar það stakk sjer, og þrisvar kom það upp á meðan jeg stóð þarna á hlaðinu, hjelt í sömu átt og fyrst, og sýndist mjer alteins í hvört sinn.

Svo fór jeg á stað þaðan inn með Fljótinu, enn þá jeg kom milli Þolleifarár og Ormastaðaár, mætir mjer Einar Guttormsson bóndi á Arnheiðarstöðum og stendur við hjá mjer stundarkorn, og fer jeg að segja honum frá sýn þessari og rennum við augum til Fljótsins. Þá kemur það upp, skrímslið, rjett á móti okkur, og heldur inn eptir, stakk sjer og hvarf okkur.

Þá segir Einar mjer, að vinnumaður sinn einn hafi komið utan úr Fellum í nótt og hafi getið um, að þegar hann var nálægt Ormastaðavíkinni, hafi hann heyrt eitthvört skvamp og skjelli þar niður í Fljótinu, enn vegna myrkurs sá hann ekki neitt.

Jeg skrifa þessa frásögn vegna þess jeg hefi hvörgi sjeð hana ritaða í blöð, enn fyrri viðburðir hafa þó verið ritaðir í Árbókum Espólíns, og svo geingu margar sögur ósannar um þessa sýn, eins og vandi er til í heiminum, og sumir halda það lygar einar. Sumir sögðu það hefðu verið jakar, sem að sporðrisu í Fljótinu. Jeg sá þá líka um dæginn, enn það gekk alt eðlilega til með þá, en hin sjónin var mér óvanaleg.

Oddur Jónsson bóndi á Hreiðarstöðum var of vandaður maður í sjer, til að skrökva því upp, og börn hans og heimafólk. Hann og kona hans höfðu 2ar orðið vör við svipað áður, heyrt eitthvört skvamp og ólæti í Fljótinu, enn það var seint á sumri í næturdimmu.

Glettur

Ekkert nema rautt

Ormur Sveinsson, innfæddur Norðfirðingur frá Hólum í Norðfjarðarsveit, var orðheppinn og fljótur til svars. Lengi ævi sinnar gerði hann út vörubíl og vann þá oft hjá SÚN í Neskaupstað. Á þeim árum var Jóhannes Stefánsson forstjóri fyrirtækisins, en hann kannast menn við sem einn úr þristirninu í bænum rauða.

Einhverju sinni kemur Ormur að máli við Jóhannes og ber sig illa yfir því að fá ekki nóga vinnu fyrir bílinn sinn í SÚN.

Jóhannes segir: "Hvað er þetta Ormur minn, en ég sé alltaf rauðan bíl í förum til og frá fyrirtækinu", en vörubíll Orms var einmitt rauður að lit. Þá svarar Ormur að bragði: "Það er nú ekkert að marka þig. Þú sérð nú ekkert nema rautt!"